

Safnaðarbréf

Lágafellssóknar

Á jólaföstu 2011



Leyfðu jólunum að koma til þín!

Fyrsta sunnudag í aðventu hefst undirbúningstími jólanna. Á sunnudögum fram að jólum eru lesnir textar úr Biblíunni í kirkjum landsins, sem greina frá því sem í vændum er og undirbúa huga okkar, líkama og sál til þess að taka á móti því. Orðin eru Guðs, boðskapur hans um þjóninn, frelsarann, son hans, sem hann sendi í heiminn til þess að færa okkur réttlæti, frið, líf, ljós, kærleika og von – allt það fegursta og dýrmætasta sem við í hjörtum okkar þekkjum.

Við aftansöng á aðfangadag, hlýðum við svo á heilagt jólaguðsþjall. Upphafsorðin: „En það bar til um þessar mundir ...“, hljóma í eyrum okkar og snerta strengi djúpt í sálum okkar og við finnum að hin heilaga stund gengur í garð – „jólin eru komin“. Í gegnum þessar frásögur, goðsagnir og hefðir sem við endurtökum ár eftir ár skynjum við brot af því undri jólanna sem ljær öllu í lífinu dýpri merkingu. Þær leiða okkur að undrinu sjálfu, að jötunni í Betlehem, að ljósinu sem lýsir hverjum manni... framhald á bls. 2



Leyfðu jólunum að koma til þín! Frh af forsiðu

Um daginn las ég frásögn manns af eftirminnilegustu jólunum í lífi hans, þegar hann var ungur drengur. Fyrirsögn hennar var: „Jólin þegar ég breyttist í fullorðinn mann á einu augnabliki“.

Hann segir frá því að móðir hans var veik og að þetta orðu síðustu jólin sem hún lifði, hún lést stuttu seinna. „Þetta voru undarleg jól,“ segir hann. „Ég var bara ungur drengur og stóð þarna í eldhúsinu og átti að útbúa jólamatinn og hún stjórnaði úr sjúkrarúminu.“ Hann greinir frá því hversu erfitt og undarlegt þetta var í minningunni. Hvernig faðir hans hafði staðið hjálparvana og bugaður í eldhúsinu og yngri systkinin vappað í kringum hann. „En allt í einu stóð ég þarna og átti að sjá um að búa til jólastemminguna. Og hvað gerir maður þá? Maður verður að gjöra svo vel. Ég varð fullorðinn í fullri merkingu þess orðs á þessum jólum.“

Við eigum öll margar minningar um okkar eigin jól, alls konar minningar, sumar sársaukafullar en aðrar gleðilegar og ljúfar; við getum jafnvel sagt átakanlegar sögur eins og þessa sögu mannsins. Minningar og væntingar um jólin fylla suma kvíða og vanlíðan á jólaföstudni.

Við getum gert það að þætti í undirbúningi okkar fyrir jólin að segja hvert öðru frá minningum okkar og að hlusta á aðra segja sínar sögur. Deilum hvert með öðru þeim tilfinningum, myndum, söngvum, sögum og minningum sem tengjast jólunum í huga okkar. Þá verður til nýtt líf í framhaldi af því og það líf sem áður var lifað verður umvafið birtu og friði. Það getur létt og bætt líðan að segja frá, að segja sína sögu og að hlusta á aðra og taka á móti frásögn þeirra með einlægum huga.

Minumst orðanna í Jóhannesarguðspjalli og tókum þau með okkur inn í komandi tíma: „Hið sanna ljós, sem upplýsir hvern mann, kom nú í heiminn.“

Guð gefi okkur öllum góða aðventu og gleðileg jól.

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir, sóknarprestur



Aðventukvöld Lágafellskirkju



Annan sunnudag í aðventu þann 4. desember verður hið árlega aðventukvöld

Lágafellskirkju og hefst það klukkan 20:00.

Meðal tónlistarflytjenda eru: Hanna Björk Guðjónsdóttir söngkona, Einar Clausen söngvari, Skólakór Varmárskóla, Matthías Stefánsson fiðluleikari, Örnólfur Kristjánsson sellóleikari, Eydís Fransdóttir óbóleikari og kirkjukór Lágafellssóknar. Organisti er Arnhildur Valgarðsdóttir.

Ræðumaður kvöldsins er Ragnheiður Ríkarðsdóttir, alþingismaður.

Allir hjartanlega velkomnir

Lágafellssókn



„Gríptu daginn“- í kyrrð

Kyrrðarstund á aðventu í Mosfellskirkju íhugun – kyrrð – útivera í fallegu umhverfi og kirkju í dal skáldanna, Mosfellsdal.

Laugardaginn 3. og 17. desember kl. 9-11

Við hefjum stundina í morgunrökkrunu með kristinni íhugun. Göngum síðan út í birtu dagsins og tökum stuttan göngutúr í dalnum. Heitt kakó í lok samveru.

Umsjón: sr.Ragnheiður Jónsdóttir og Sigurbjörg Þórgrímsdóttir, djáknakandidat

Allir velkomnir - Mosfellsprestakall

Sjá nánar á www.lagafellskirkja.is



Jólaýsing í kirkjugörðunum

Fyrstu helgi í aðventu mun Ingólfur í Mosraf ásamt sínu fólki setja upp ljósakrossa á leiði í kirkjugörðum Lagafellssóknar. Allar nánari upplýsingar veitir Ingólfur í síma 892 1133 eða í gegnum netfangið ingi@rafthonusta.is

Fastir liðir í safnaðarstarfi Lagafellskirkju

Sunnudagar

- Kl. 11:00 Almenn guðsþjónusta, sjá heimasíðu
- Kl. 13:00 Sunnudagaskólinn í Lagafellskirkju.
- Kl. 17:00 Æskulýðsstarf í safnaðarheimilinu.
- Kl. 20:00 Kvöldguðsþjónustur, sjá heimasíðu.

Mánudagar

- Kl. 13:25 Barnakór - æfing í Lagafellsskóla.
- Kl. 14:30 Barnakór - æfing í Listaskólanum.
- Kl. 16:00 TTT - æskulýðsstarf fyrir 10.-12. ára.

Þriðjudagar

- Kl. 13:30 Kirkjukrakkar í Varmárskóla í samvinnu við frístundaselið.
- Kl. 14:30 Fermingarfræðsla 3. tímar.
- Kl. 19:30 Fyrirbænaþing í Lagafellskirkju.
- Kl. 19:30 Kirkjukórsæfing.

Miðvikudagar

- Kl. 10:00 Foreldramorgnir í safnaðarheimilinu
- Kl. 13:30 Bænaþingir á EIR / HLAÐHÖMRUM annan hvern miðvikudag
- Kl. 14:40 Fermingarfræðsla 1. tími
- Kl. 17:30 Kristin íhugun í Lagafellskirkju

Fimmtudagar

- Kl. 14:40 Fermingarfræðsla 2. tímar
- Kl. 20:00 Þrjónasamverur aðra hverja viku sjá heimasíðu

Föstudagar

- Kl. 13:20 Kirkjukrakkar í Lagafellsskóla í samvinnu við frístundaselið

Eftir áramót hefst safnaðarstarfið í kringum 8. janúar. Sjá nánar á heimasíðu kirkjunnar.

www.lagafellskirkja.is

Útgefandi: Sóknarnefnd Lagafellssóknar, Mosfellsprestakalli, Þverholti 3, Mosfellsbæ.
Ljósmynd á forsiðu: Páll Guðjónsson. Umbrot: Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson



Dagskrá yfir aðventu, jól og áramót



27. nóvember 1. sd í aðventu

Kl. 11:00 Guðsþjónusta í Mosfellskirkju
*Hrönn Gunnarsdóttir blokkflauta. Inga Backman og
Marta Kristín Friðriksdóttir syngja.*

4. desember 2. sd í aðventu

Kl. 20:00 Aðventukvöld Lágafellssóknar.
Sjá auglýsingu á blaðsíðu 3.

11. desember 3. sd í aðventu

Kl. 11:00 Litlu jól barnastarfsins
Ljósakórinn og barnakór yngri deilda.

18. desember 4. sd í aðventu

Kl. 11:00 Bæna- og skírnarguðsþjónusta í Lágafellskirkju
Jóhannes Freyr Baldursson syngur.

24. desember - Aðfangadagur

Kl. 13:00 Barnaguðsþjónusta í Lágafellskirkju

Kl. 18:00 Aftansöngur í Lágafellskirkju

Jóhann Friðgeir Valdimarsson einsöngur og Sigrún Harðardóttir fjöla.

Kl. 23:30 Miðnæturguðsþjónusta í Lágafellskirkju

Ingveldur Ýr Jónsdóttir einsöngur og Kristjana Helgadóttir þverflauta.

25. desember - Jóladagur

Kl. 14:00 Hátíðarguðsþjónusta í Lágafellskirkju

Diddú, Þorkell og dætur.

Kl. 16:00 Hátíðarguðsþjónusta í Mosfellskirkju

Diddú, Þorkell og dætur.

31. desember - Gamlársdagur

Kl. 18:00 Aftansöngur í Lágafellskirkju

Jón Magnús Jónsson frá Reykjum og Arnþrúður Ösp Karlsdóttir.

8. Janúar 2012

Kl. 11:00 Guðsþjónusta í Lágafellskirkju

Prestar, sóknarnefnd og starfsfólk Lágafellssóknar óska þér
og fjölskyldu þinni gleðilegrar aðventu og jólahátíðar.